

Fundur framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1032

Dagsetning: 25. júní klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Anna Sigríður Vernharðsdóttir (ASV), Elís Reynarsson (ER), Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM), Svava Kristín Þorkelsdóttir (SKÞ) og Brjánn Jónasson (BJ), sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins: Karl Á. Hjartarson, verkefnastjóri eigna- og innkaupa, og Jóhann Friðrik Haraldsson, leiðtogi fasteignapjónustu HH, sátu fundinn undir lið 5.

Efni fundarins

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 20. júní 2024 var tekin til umræðu og samþykkt samhljóða.

2. Fundir á næstunni

Farið var yfir fundi framkvæmdastjórnar í vikunni.

3. Netöryggismál

Rætt var um netöryggismál í tengslum við netárás á Morgunblaðið um helgina. Ákveðið var að boða fund forstjóra HH með sérfræðingi deildar rafrænnar þjónustu í netöryggismálum til að fara yfir öryggismál hjá HH.

4. Fundur forstjóra með heilbrigðisráðherra

SDM upplýsti framkvæmdastjórn um umræður á fundi með heilbrigðisráðherra. Meðal annars var rætt um aukna skilvirkni í samskiptum við ráðuneytið.

5. Húsnæðismál

Karl Á. Hjartarson, verkefnastjóri eigna- og innkaupa, og Jóhann Friðrik Haraldsson, leiðtogi fasteignapjónustu HH, komu á fundinn til að ræða fyrirhugaðan flutning Heilsubrúar innan Mjóddarinnar. Einnig var rætt um stöðuna á vinnu við að finna nýtt húsnæði fyrir Heilsugæsluna Firði, Heilsugæsluna Garðabæ og Heilsugæsluna Miðbæ. Auglýst hefur verið eftir mögulegu húsnæði fyrir þessar stöðvar og er það mál nú í ferli. Einnig var rætt um að fara í nauðsynlegar endurbætur á Heilsugæslunni Miðbæ á meðan beðið er eftir nýju húsnæði.

6. Starfsmannamál

Umræður um ýmis starfsmannamál.

7. Upplýsingamiðstöð HH

Umræður um ferðamannabólusetningar á Upplýsingamiðstöð HH. Fundað verður með fulltrúum heilbrigðisráðuneytisins um fyrirkomulag við gerð bólusetningaáætlana og ferðamannabólusetninga. Einnig þarf að halda áfram umræðum við heilbrigðisráðuneytið um fjármögnun miðstöðvarinnar.

Aðgerðir og verkefni

- Boða þarf fund með fulltrúa deildar rafrænnar þjónustu um netöryggismál, sjá lið 3.
Ábyrgð: BJ
- Fylgja þarf eftir flutningum Heilsubrúar, sjá lið 5.
Ábyrgð: ASV
- Halda þarf áfram samtali við heilbrigðisráðuneyti um verkefni Upplýsingamiðstöðvar HH, sjá lið 7.
Ábyrgð: SDM og ASV

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 10:05.